

Safnahúsið Ísafirði Gamla sjúkrahúsið

Ársskýrsla 2012

Ársskýrsla safnanna í Safnahúsinu 2012

Gamla sjúkrahúsið hýsir Bæjar- og héraðsbókasafnið Ísafirði, Héraðsskjalasafnið Ísafirði, Ljósmyndasafnið Ísafirði og Listasafn Ísafjarðar. Húsið var vígt sem safnahús árið 2003.

Þann 8. desember 1987 samþykkti bæjarstjórn að gamla sjúkrahúsið yrði gert að safnahúsi. Það varð svo eitt af menningarhúsum bæjarins í kjölfar menningarhúsasamnings við ríkissjóð.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar þann 12. júní 2003 skyldi Gamla sjúkrahúsið á Eyrartúni framvegis nefnast Safnahúsið Eyrartúni. Jafnframt var samþykkt að merki hússins yrði mynd af framhlið þess.

Vefur safnanna er <http://safn.isafjordur.is/> - og er unnið stöðugt að því að koma meira efni á vefinn.

BÓKASAFNIÐ:

Bókasafnið á Ísafirði starfar samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn frá 1997, þar segir í 1 gr.: „Almenningsbókasöfn eru upplýsinga- og menningarstofnanir. Hlutverk þeirra er að veita fólki, bæði börnum og fullorðnum, greiðan aðgang að fjölbreyttum bókakosti og öðrum miðlunargögnum, þar á meðal tölvubúnaði og upplýsingum á tölvutæku formi. Þau skulu efla frjálsan og óheftan aðgang almennings að upplýsingum og þekkingarmiðlun. Söfnin skulu hvert á sínu þjónustusvæði kappkosta að vera menningarstarfi og atvinnulífi til styrktar og hafa tiltækar upplýsingar fyrir almenning um opinberar stofnanir og þjónustu. Markmið þeirra skal vera að efla íslenska tungu og örva lestraráhuga.“

Lykiltölur:

Útlán: 20.186*

Útlán á íbúa: 5.4

Millisafnalán: fengið 60/sent 41

Heimsóknir leikskólabarna, skipulagðar: 9

Heimsóknir grunnskólabekkja, skipulagðar: 1

Afgreiðslustundir á viku: 28

Safnkostur skráður í Gegni í árslok: 34.614

Sumarlestur: 42 börn

Starfsfólk : 3, stöðugildi: 2.50.

*Útlán úr Mikromarc kerfinu lágu ekki fyrir svo að útlán jan-ágúst voru áætluð, þar til tölfraði Gegnis tók við.



Þjónusta safnsins:

Bókasafnið býður upp á fjölbreytt úrval bóka fyrir börn og fullorðna, mynddiska og hljóðbækur. Safnið leggur áherslu á góða þjónustu við börn og unglinga.

Upplýsingaþjónusta er snar þáttur í starfsemi bókasafnsins: almenningur, skólar, stofnanir og fólk á öllum skólastigum fær aðstoð við að finna þær upplýsingar og heimildir sem það leitar eftir.

Starfið á árinu:

Það sem hæst bar er að bókasafnið fer í Gegni/Leitir, gerist aðili að Landskerfi bókasafna. Í lok janúar sat starfsfólk námskeið um tengingu safnefnis á vegum Landskerfis sem rekur bókasafnakerfið Gegnir og vefina Gegnir.is og Leitir.is og í framhaldi af því var byrjað að skanna og skrá safnefni inn í Gegni. Safnið var undirmannað vegna niðurskurðar og var ákveðið að aðaláherslan þetta árið yrði á að koma safnkostinum inn í Gegni svo annað starf var lágmarkað. Allir starfsmenn sáu um innskráninguna, hvenær sem tækifæri var til. Starfið gekk vel og í byrjun september var hægt að byrja að lána út í nýja kerfinu eins og stefnt var að og lauk þá notkun safnsins á norska kerfinu Mikromarc. Mikill munur er á kerfunum og er Gegnir mun nútímalegri og má þar nefna betri aðgang að ýmiskonar tölfraeðilegum upplýsingum, rafræna innheimtu, auk þess að vera komin í þessa samskrá sem flest önnur bókasöfn í landinu eru í. Mikið starf er þó eftir við að ljúka við að skrá og tengja allt efni safnsins, tímarit og eldri bækur en unnið verður að því næstu ár.

Opnunartími:

Var sá sami og árið á undan, frá 13-18 virka daga og 13-16 á laugardögum. Opnunartíminn er sá sami allt árið og engar breytingar á sumrin enda eru það útlánamestu mánuðir á bókasafninu og síaukinn straumur ferðamanna hefur orðið til þess að jafnvel er opnað fyrir einstaka daga ef starfsfólk er til staðar, þegar farþegar stórra skemmtiferðaskipa eru í bænum. Lengja þyrfti opnunartímann virku dagana allt árið með því að opna fyrir, kl. 12.

Útlán:

Í byrjun febrúar var byrjað að skanna og skrá safnefni í Gegni og tókst að ná að halda áætlun um að skanna inn flestar bækur í útlánasal fyrir september og hefja útlán þá í byrjun mánaðarins. Seinna um haustið hófust sjálfvirkar sendingar á tölvupósti til að minna á að skilatími bóka nálgast og að lánstími væri útrunninn, og vakti þessi þáttur mikla ánægju hjá viðskiptavinum bókasafnsins. Bókasafnið tekur þátt í rekstri Landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum, hvar.is, sem nú má finna undir sama hatti og Gegnir: leitir.is.

Tölvur/netaðgangur:

Í húsinu eru sex nettölvur fyrir almenna notkun, tvær þeirra eru ókeypis fyrir fullorðna í 10 mínútur. Þráðlaust net er gjaldfrjálst.



Þingeyri, Flateyri og Suðureyri:

Útibúin á Þingeyri og Suðureyri voru opin í sjálfboðavinnu. Fyrir jólin eru keyptar nokkrar vinsælar skáldsögur og ævisögur.

Kennarar frá Grunnskólunum á Þingeyri og Flateyri koma reglulega og fá lánaðar bækur fyrir skólana.

Barnastarf:


Skólaheimsóknir: Skipulagðar leikskólaheimsóknir voru 9, auk óformlegra heimsókna. Frá Grunnskólanum á Ísafirði kom 4. bekkur í safnkynningu.

Bangsadagurinn var haldinn hátíðlegur í 14. skipti þann 26. október. Um 60 börn tóku þátt í dagskrá bangsadagsins.

Sumarlestur barna á grunnskólaaldri var haldinn í sjötta skipti. Verkefnið stendur í 3 mánuði, júní - ágúst. 42 börn tóku þátt og fengu allir viðurkenningaskjal og verðlaun. Dregið var úr lukkupottinum um 5 bækur og einnig voru fimm aukavinningar. Styrktaraðilar voru Íslandsbanki, Eymundsson og Dressupgames.

Fundir og námskeið:

Starfsmenn sóttu námskeið á vegum Landskerfis um tengingu safnefnis í Gegni og annað um skráningu í Gegni, og námskeið í notkun leitir.is. HÞ sótti námskeið í bókaviðgerðum. EBK sótti vörfund SFA í Hveragerði og Landsfund Upplýsingar í Kópavogi í september.




HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Árið 2012 bárust safninu 41 skjalaafhending og fyrirspurnir voru um 150 auk minniháttar fyrirspurna sem ekki þykir taka að bókfæra sem afgreiðslu. Í árslok 2012 voru færslur í aðfangabók 5206 (5148). Voru færslur færri en venjulega þar sem öll áhersla var lögð á að flokka, skrá og ganga frá gömlum skjölum Ísafjarðarkaupstaðar en sú skráning færirst í aðfangabók síðar. Unnið var áfram að söfnun skjala og farið í sérstakt átak í tilefni af 100 ára afmæli Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands en um var að ræða samstarf ÍSÍ og Félag héraðsskjalavarða á Íslandi um söfnun og skráningu á skjölum íþróttafélaga og íþróttatengdum skjölum. Voru forsvarsmenn íþróttafélaga, íþróttahéraða og aðrir aðilar tengdir íþróttahreyfingunni hvattir til að koma gögnum í vörslu héraðsskjalasafna.

Nokkrir einstaklingar voru við fræðistörf á safninu til lengri eða skemmri tíma. Safnið sinnti jafnframt ráðgjöf og þjónustu við bæjarskrifstofur eins og áður. Einnig voru skólar á norðanverðum Vestfjörðum heimsóttir og starfsmenn þeirra fræddir um skjalavistunaráætlanir fyrir skóla. Í kjölfarið var skilað inn eldri skjölum frá tveimur skólum.

Haustið 2011 fékkst styrkur frá Ísafjarðarbæ og Vinnumálastofnun til að skrá og pakka gömlum skjölum frá Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhreppi. Stóð það verkefni fram í ágúst 2012 og var til húsa í leikskólanum Bakkaskjólí í Hnífsdal. Áfram var unnið við tölvuskráningu sóknarmannatala fyrir Þjóðskjalasafn Íslands og voru 4 starfsmenn í því verkefni. Voru þeir einnig staðsettir Bakkaskjólí og unnu þar fram í ágúst. Um haustið kom einn einstaklingur til starfa á vegum Starfsendurhæfingar Vestfjarða og var í hlutastarfi við skönnun ljósmynda. Um sumarið komu þrjár stúlkur á vegum Vinnuskólans og störfuðu til skammst tíma við ýmis verkefni inni á skjalasafni og ljósmyndasafni.

Þrjár sýningar voru settar upp á árinu 2012. Fyrst er að nefna sýningu á skákmunum og skjölum úr fórum Páls Áskelssonar á Ísafirði (1918-1973), sem var mikill áhugamaður um skák og bridds. Þá var sýning á bréfi og ýmsum smágripum sem komið höfðu innan úr vegg í Norska bakaríinu við endurbætur á húsinu. Þriðja sýningin var í tengslum við norræna skjaladaginn þar sem sýnd voru skjöl og ljósmyndir úr stórrí afhendingu Knattspyrnufélagsins Harðar á Ísafirði. Auk þess átti skjalasafnið aðild að sumarsýningunni, Dansi, dansi dúkkan mín, þar sem sýnd voru leikföng í eigu Jósefnu Gísladóttur, sýningu á verkum Þórdísar Egilsdóttur, jólasýningunni Vetur í bæ þar sem sýndar voru gamlar ljósmyndir frá Ísafirði að vetri til og sýningu á gömlu ljósmyndaalbúmi úr fórum Páls Pálssonar í Hnífsdal.



Dagbók og Alþýðasemdir
Marsdagur 28. Austanvindur og gott veður. Þóttum saltar
Eggskeppina briddum fiske afhriðe-
adum og fluspur fiske iðri. Þá Laurse
sinnjað að bræta nið eldsgjennur vöfslu
vættur fisker kja Holm

LJÓSMYNDASAFNIÐ:

Yfirlit yfir einstök ljósmyndasöfn og afhendingar raðað eftir aldri mynda:

Ljósmyndarar / afhendingar:	Fjöldi	Gerð mynda	Tímabil	Umbúðir	Skráning	Stafrænt	Áæ.dagsv.
Ýmsir ljósmyndarar eldri (1993-)	11.800	pappír s/h	1870-1930	sýrufrítt	registur	2.242	661
Gunnar Hvammdal (2009) áætl.fj.	1.000	pappír/filma	1880-1950	sýrufrítt	óskráð		56
Björn Pálsson (1971)	13.110	gler s/h	1891-1915	sýrufrítt	Spjaldskrá/ exc		734
C.G.A. Rasmussen (2006)	300	6x6 s/h filma	1910-1920	sýrufrítt	sarpur		17
M. Simson einkasafn (1990)	380	gler s/h	1915-1960	sýrufrítt	sarpur		21
M. Simson stofumyndir (1974)	29.500	gler s/h	1918-1957	sýrufrítt	registur		1.652
Guðm. frá Mosdal einkasafn (1990)	722	6x9 filma s/h	1930-1960	sýrufrítt	óskráð		40
Sigurgeir B. Halldórsson (2008)	873	6x6 filma s/h gler	1930-1970	sýrufrítt	óskráð/á vef	873	48
Ýmsir ljósmyndarar yngri (1993-)	13.971	filma/pappír	1931-1980	sýrufrítt	óskráð		706
Ágúst Leósson (2008)	1.000	6x6 s/h filma	1940-1970	sýrufrítt	óskráð		56
Arnþrúður Aspelund stofumyndir (2007)	3.000	gler s/h	1943-1974	sýrufrítt	registur		112
Arnþrúður Aspelund (2011-2012)	1.051	Pappír/ gler	1943-1974	sýrufrítt	registur		
Kristín Magnúsdóttir (með safni A.A.)	385	gler s/h	1943-1974	sýrufrítt	óskráð		22
Jón Hermannsson	10.000	35 s/h / litfilma	1950-1990	sýrufrítt	óskráð		560
Jón A. Bjarnason stofumyndir (1974)	6.300	gler / filma s/h	1958-1971	sýrufrítt	registur		352
Haukur Sigurðsson stofumyndir (2008)	24.000	35 / 6x6 s/h litfilma	1968-1976	sýrufrítt	registur		1.343
Leo Jóhannsson einkasafn (2002)	1.000	35 / 6x6 litfilma	1970-1985	sýrufrítt	óskráð		56
Leo Jóhannsson stofumyndir (1993)	25.200	35 / 6x6 litfilma	1970-1985	sýrufrítt	spjaldskrá		1.411
Vestfirski Fréttablaðið (1995)	24.600	35 s/h filma	1975-1995	sýrufrítt	tímalisti		1.377
Árný Herbertsdóttir stofumyndir (2007)	30.000	35 / 6x6 litfilma	1977-1983	sýrufrítt	registur		1.120
Bæjarins Besta (2006)	14.400	pappír	1983-2000	sýrufrítt	tímalisti		806
Bæjarins Besta (2009)	33.120	pappír	1983-2000	sýrufrítt	Access		608
Bæjarins Besta (2009)	86.400	35 / 6x6 litfilma	1983-2000	sýrufrítt	Access		1.612
Árný Herbertsdóttir stofumyndir (2008)	39.400	35 / 6x6 litfilma	1984-2000	sýrufrítt	registur		1.470
Þorsteinn J. Tómasson (2008)	75.907	stafrænar (JPG)	2001-2007	netþjónn	tímalisti	75.907	0
Kvenfélagið Ársól Suðureyri (2005)	415	pappír	1930-1940	sýrufrítt	óskráð		
Jónas Magnússon Ísafirði (2011)	4.004	pappír/filmur		sýrufrítt	óskráð		
Karitas Hafliðadóttir (2011)	169	pappír		sýrufrítt	óskráð		
Margrét og Anna Halldórsdætur (2012)	155	pappír/gler sh		sýrufrítt	óskráð		
Knattspyrnufélagið Hörður (2012)	500	pappír		í vinnslu	óskráð		
Þorvaldur Jónsson lækni ofl (2012)	300	pappír	1890-1940	sýrufrítt	óskráð		
Pálsætt (2012)	45	pappír		sýrufrítt	óskráð		
Samtals	453.007		1870-2007			79.022	14.840
						Ársverk:	33

Safninu bárust nokkur einkamyndasöfn á árinu auk þess sem bættist við söfn sem fyrir voru, t.d. Arnþrúði Aspelund. Hér má sérstaklega nefna ljósmyndasafn Knattspyrnufélagsins Harðar en það telur um 500 myndir af starfseminni frá ýmsum tímum. Alls bættust 1039 myndir við safnið. Á árinu var að auki unnið við frágang eldri safna og eru öll söfn nú komin í sýrufriar umbúðir (unnið er að því að setja myndir Harðar í umbúðir). Á árinu 2012 fékk safnið um 100 fyrirspurnir vegna mynda auk þess sem safnið útvegaði myndir/afrit í ýmsar útgáfur á árinu, þetta er mjög vaxandi þáttur í starfsemi safnsins. Í safninu eru nú um 453.007 filmur og ljósmyndir. Úrval úr safninu hefur verið gert aðgengilegt á vefnum <http://myndasafn.isafjordur.is/> en síðastliðin þrjú ár hefur áhersla verið á að koma óþekktum myndum á vefinn sem og að láta hefti liggja frammi í safninu. Töluverður árangur náðist í merkingu óþekktara mynda á árinu.

Helsu verkefni ársins 2012 voru:

Haldið var áfram að skanna glerplötur, filmur og myndir og hluti þeirra settur á veraldarvefinn.

Hafist var handa við tölvusetningu skráa frá M. Simson.

Gengið var frá söfnum sem borist höfðu í sýrufriar umbúðir og stór hluti þeirra skannaður.

Unnið var við skráningu í Sarp.

Safnið stóð fyrir sýningum ásamt öðrum söfnun hússins. Tók m.a. þátt í sýningu á verkum Þórdísar Egilsdóttur, jólasýningu hússins og stóð að sýningu á verkum M. Simson ljósmyndara í samvinnu við Sigurð Gunnarsson ljósmyndara og sýningu á myndum Hjálmars R. Bárðarsonar í samvinnu við Þjóðminjasafns Íslands. Þá stóð safnið fyrir ljósmyndanámskeiði, sígildar ljósmyndunaraðferðir, fyrir börn og fullorðna.

Sinnt var fyrirspurnum og afgreiðslum en töluverð aukning er í fyrirspurnum til safnsins.

Sótt var um rekstrarstyrk úr Safnasjóði og fékkst 1.000.000 kr í rekstrarstyrk á árinu en auk þess 360.000 í verkefnastyrki.



SÝNINGAR OG ATBURÐIR Í SAFNAHÚSINU:

Skráðir gestir á sýningum voru um 3700 (1322) - sýningar og atburðir í húsinu voru: 23

Þessar sýningar og atburðir voru í húsinu á árinu:

Móttaka vegna bæjarlistamanns

Munir úr Silfurgötu 5

Maska-sprengi og öskudagur

Skákmunir Páls Áskelssonar

Sara og Svanhildur Vilbergsdætur “Lífið í töfraspegli”

Ljósmyndasýning úr fórum Hjálmars Bárðarsonar, frá Þjóðminjasafni

“Dansi, dansi dúkkan mín” – sýning á leikfangasafni Jósefinu Gísladóttur

Sýning á verkum Þórdísar Egilsdóttur listakonu

Erindi Elínar Sigurðardóttur um Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi

Martinus Simson – sýning á ljósmyndum sem unnar voru af Sigurði Gunnarssyni ljósmyndara

Prinsessudagurinn

Bangsadagurinn

Veturnætur:

- The Rolling Stones – munir úr eigu Guðmundar Níelssonar

- Húslestur

Norræni skjaladagurinn – skjöl og myndir úr fórum knattspyrnufélagsins Harðar

“Vetur í bæ” – jólasýning safnanna

Húslestrar ársins voru alls 4 og í samstarfi við Kómedíuleikhúsið

Námskeið í ljósmyndun í umsjón Sigurðar Gunnarssonar, fyrir börn og fullorðna

Námskeið í bókagerð fyrir börn – Bára Bjarnadóttir

Sumarlestur og uppskeruhátíð



STARFSMENN:

Edda B. Kristmundsdóttir, bókasafnsfræðingur (100%), Elín Magnfreðsdóttir, bókavörður (49%), lét af störfum um ármótin 2012/2013 eftir rúmlega 40 ára starf við Bókasafnið. Helena Björk Prastardóttir, bókavörður (100%) og Andri Pétur Prastarson bókavörður í hlutastarfi. Davíð Kristjánsson bókavörður á Þingeyri, en hann hefur jafnframt sinnt bókbandi fyrir safnið og Marías Þórðarson á Suðureyri. Guðfinna Hreiðarsdóttir skjalavörður (100%) – og eftirtaldar tímabundið við verkefni fyrir Þjóðskjalasafn: Ester Ingadóttir, Svanhildur Þórðardóttir, Gréta Sturludóttir og Jóhanna Guðmundsdóttir.

Ágústa Guðmundsdóttir var í tímabundu átaksverkefni hjá skjalasafninu. Helga Aspelund vann tímabundið fyrir ljósmyndasafnið ásamt Birni Bjarnasyni og Ingunni Ósk Sturludóttur sem vann tímabundið verkefni við skönnun. Þá voru þær Svanhildur Sævarsdóttir, Júlíana Lind Skaftadóttir og Dóróthea Magnúsdóttir um sumarið í ýmsum störfum fyrir söfnin í húsinu. Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður (100%)